

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um gerð lyfseðla og afgreiðslu
lyfja nr. 291/1979.

1. gr.

Við 6. grein, a-staflíð bætist eftirfarandi:

„Buprenorphinum (t. d. Temgesic).“

2. gr.

Við 6. grein, b-staflíð bætist eftirfarandi töluliður:

„XIV. Flurnitrazepamum. Hámarks magn á lyfseðli 60 mg. (Dæmi: Rohypnol 1 mg 60 töflur).“

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 16. gr. lyfjalaga nr. 49/1978, öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 19. september 1983.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Ingolf J. Petersen.

5. október 1983

Nr. 715

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 261/1983 um fæðingarorlof.

1. gr.

10. gr. reglugerðarinnar hljóði svo:

Til atvinnuþátttöku telst sá tími, sem foreldri hefur sannanlega notið atvinnuleysisbóta.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 5. október 1983.

Matthías Bjarnason.

Jón Ingimarsson.

10. október 1983

Nr. 716

REGLUGERÐ

um breyting á heilbrigðisreglugerð nr. 45/1972,
með síðari breytingum.

1. gr.

Við 166 gr. bætist nýr töluliður er verði 4. töluliður og orðist svo:
176.4. Í kaupstöðum og kaптúnum er óheimilt að slátra búfé utan sláturhúsa, enda þótt afurðir séu ætlaðar til heimilisnota eingöngu.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stöð í 2. gr. laga nr. 50/1981, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit öðlast gildir þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 10. október 1983.

Matthías Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.